

ar og uppástungur amtsráðinu til álita, svo snemma, að það geti sent þær landshöfðingja fyrir þann tíma, sem til er tekinn að framan. Til þess að gefa skýrslur þessar o. s. frv. ásamt sýslumanninum og manni þeim, er sýslunefndin kýs — og eruð þjer, herra amtmadur, þedinn að gjöra þær ráðstafanir, er við þarf til þess, — hefi jeg í brjefi frá í dag kjörð 3 valinkunna menn úr Rangárvallasýslu, þá er nú skal greina:

Sighvat Arnason, alþingismaun

Sigurð dannebrogsmann Magnússon, óðalsbónda á Skúmstöðum, og

Skúla Þorvarðarson, óðalsbónda á Fitjamýri.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

(Framh. frá 28 bls.).

F.

Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 5. og 6. dag júnímánaðar 1877.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í suðurantinu, og mættu á fundinum hinir kosnu fulltrúar: Dr. phil. Grímur Thomsen á Bessastöðum og prófastur Jón Jónsson á Mosfelli.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Samkvæmt yfirsetukvennalögum 17. des. 1875 voru ákveðin yfirsetukvennahjeruð í öllum sýslum í amtinu, eptir tillögum sýslunefndanna, og skal um tölu hjeraðanna og takmörk þeirra vísað til auglýsingar amtmannsins yfir suðuramtinu frá 6. júlím, þ. á., sem prentuð er hjer að framan.
2. Var rætt um stofnun amtsfátækra sjóðs samkvæmt 52. gr. nr. 5 í sveitarstjórnarlögnum. Allar sýslunefndir, nema ein, höfðu ráðið frá að stofna slíkan sjóð, og sá því amtsráðið sjer ekki fært að halda lengra fram í þetta mál.
3. Til amtsráðsins höfðu komið fyrirspurnir um þessi atriði:
 - a. Hvort hreppstjórar og hreppsnefndir ættu að hafa sjerstakar gjörðabækur, og ef svo væri, hvaðan borgun ætti að taka fyrir gjörðabækur hreppstjóra?
 - b. Hvaðan hreppstjórum eigi að greiðast borgun fyrir skrifföng?

Það var álit amtsráðsins um þessi atriði, að hreppstjóri og hreppsnefnd ætti að hafa gjörðabók hvor fyrir sig, og að borgunin fyrir gjörðabækur hreppstjóra og skrifföng þeirra eigi að greiðast úr sveitarsjóði.
4. Einnig hafði komið fyrirspurn um, hvort sýslunefndarmenn megi reikna sjer borgun fyrir part úr degi, er þeir nota til ferðar á sýslunefndarfund, eins og fyrir heilan dag, og var það álit ráðsins, að þetta væri leyfilegt. Eptir þar til gefnu tilefni lýsti amtsráðið því yfir, að það áliti sýslunefndarmenn hafa leyfi til að reikna sjer borgun eptir 33. gr. sveitarstjórnarlaganna, þótt þeir ekki ferðist frá heimili sínu til að sækja sýslunefndarfund.
5. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu mætti taka lán, að upphæð 1000 kr. til að verja því til vegabóta í Akraneshreppi, og þar með útvega hreppsbum atvinnu í þeim bjargarskorti, sem þar ætti sjer stað; þó með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað á 2 árum. Jafnframt var ákveðið, að benda sýslunefndinni á ákvörðina í 39. gr. 5. tölul., smbr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna.
6. Samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á fundi 29. ágúst f. á. hafði Dr. phil. Grímur Thomsen yfirskoðað sýslusjóðsreikningana fyrir árið 1875, og var forseta amtsráðs-

113

ins, eptir að ráðið hafði kynnt sjer athugasemdir þær, er yfirskoðunarmaður hafði gjört við þá, falið á hendur að rita sýslunefndunum hið nauðsynlega samkvæmt þeim, sumpart til þess, að ýmislegt yrði leiðrjett, sem ábótavant þótti, og sumpart til þess, að framvegis yrði gætt ýmislegs, sem í formlegu tilliti þótti mega betur fara. Samkvæmt þessum athugasemdum fann amtsráðið ekki ástæðu til, að úrskurða neina peninga-ábyrgð á hendur sýslunefndunum gagnvart sýslusjóðunum, nema í Borgarfjarðarsýslu. Þar áleit amtsráðið, að lagaheimild vantaði fyrir tveim gjaldliðum: a, fyrir sendiferðir með brjef kr. 55,08 og b, fyrir ferð suður í Skoradal til að skoða fje kr. 9,00, og úrskurðaði, að þessar til samans kr. 64,08 ættu að endurgjaldast sýslusjóðnum með því að teljast með tekjum í næsta reikningi.

7. Með tilliti til þess, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eptir því sem kunnugt var af útskrift af síðasta fundarhaldi hennar, hafði farið þess á leit, að fá lengdan um eitt ár borgunarfrest á láni því, sem sýslan hefur tekið til að afstýra hungursneyð í Álptaness- og Vatnsleysustrandar hreppum, lýsti amtsráðið því yfir, að það eptir kringumstæðunum vildi mæla fram með því, að þetta yrði veitt, svo framarlega sem sýslunefndin, eins og henni var bent á af amtsráðinu í fyrra, hefði gjört gangskör að því, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, að jafna gjaldi þessu niður á hreppa sýslunnar.
8. Var ákveðið, að heimta skyldi af hlutaðeigandi sýslumönnum tvo enn vantandi sýslusjóðsreikninga fyrir árið 1876, og áminna sýslumennina um, að senda reikninga þessa framvegis til amtmannsins innan málmánaðarloka, eins og ákveðið hefir verið.
9. Forseti amtsráðsins lagði fram reikning leiguliðasjóðs suðuramtsins fyrir árið 1876, og reikning yfir búnaðarskólagjald sama amts fyrir sama ár; kynntu hinir kosnu meðlimir amtsráðsins sjer reikninga þessa, og fundu ekkert við þá að athuga.
10. Var jafnaðarsjóðsreikningur suðuramtsins fyrir 1876 endurskoðaður. Hinir kosnu meðlimir amtsráðsins fundu ekkert að athuga við reikning þenna í heild sinni, og samþykktu hann, með þeirri athugasemd, að þeir treystu því, að ekkert af þeim gjöldum, sem greidd hafa verið úr sjóðnum vegna fjárkláðans, falli honum til byrði, og fastlega væntu, að sjóðnum framvegis verði hlíft við öllum þvílíkum kostnaði fram yfir það, sem lög bjóða og amtsráðið sjálft ályktar.
11. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1878:

Gjöld.

1. Til sakamála, lögreglumála, gjafsóknarmála m. fl.	800 kr.
2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	300 —
3. Ferðakostnaður embættismanna	300 —
4. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	1500 —
5. Til sáttamálefna	20 —
6. Endurgjald á lánnum:	
a. Lán vegna fjárkláðans (síðasta afborgun)	250 kr.
b. Lán í tilefni af fangelsisbyggingum (í Reykjavík 628 kr., á Vestmannaeyjum 115 kr.)	743 —
	993 —
7. Kostnaður við amtsráðið	100 —
8. Ýmisleg útgjöld	200 —
9. Sjóður við árslok	1000 —
	Samtals 5213 —

Tekjur.

113

- | | |
|--|----------------|
| 1. Í sjóði frá f. á. | 2000 kr. |
| 2. Niðurjöfnun á lausaffe í amtinu | 3213 — |
| | Santals 5213 — |
12. Að síðustu var dregið hlutkesti, hvor hinna kosnu aðalfulltrúa og varafulltrúa ætti að fara frá eptir að hafa gegnt starfa þessum í 3 ár, og urðu fyrir því prófastur Jón Jónsson og presturinn Stefán Thorarensen.

G.

Fundur amtsráðsins í vesturumdæminu, 14., 15. og 16. dag júnímín. 1877.

Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi undir forsæti amtmannsins í vesturamtinu, og mættu á fundinum hinir kosnu fulltrúar: prófastur Guðmundur Einarsson á Breiðabólstað (aðalfulltrúi) og alþingismaður Hjálmur Pjetursson á Hamri (varafulltrúi, í stað Sigurðar sýslumanns Sverrissonar, sem hafði tilkynnt forföll sín).

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins, og reikning yfir búnaðarskólagjald vesturamtsins, báða fyrir árið 1876; voru þeir yfirskoðaðir af hinum kosnu meðlimum amtsráðsins, sem ekkert fundu við þá að athuga.
2. Eptir að hafa kynnt sjer tillögur sýslunefndanna um stofnun amtsfátækra sjóðs, komst ráðið að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi fært, að minnsta kosti ekki sem stendur, að koma slíkum sjóði á fót, sem sýslunefndirnar einnig hafa ráðið frá að stofna.
3. Samkvæmt yfirsetukvennalögum 17. desbr. 1875 voru ákveðin yfirsetukvennahjeruð í öllum sýslum í amtinu eptir tillögum sýslunefndanna, og skal um tölu hjeradanna og takmörk þeirra vísað til auglýsingar amtmannsins yfir vesturamtinu frá 6. júlím. þ. á., sem prentuð er hjer að framan.
4. Í tilefni af umkvörtun frá sýslunefndinni í Dalasýslu fól amtsráðið forseta á hendur að skora á landlæknirinn að bæta úr þeim skorti á kúabóluefni, sem talið er, að víða eigi sjer stað.
5. Út af fyrirspurn sýslunefndarinnar í Mýrasýslu viðvíkjandi því, hvort sýslunefndar- maður, sem eigi þarf að ferðast frá heimili sínu á sýslunefndarfund, megi reikna sjer borgun eptir 33. gr. sveitarstjórnarlaganna, lýsti amtsráðið yfir því áliti sínu, að nefnd lagagrein veiti heimild til að reikna sjer borgun í hinu umrædda tilfelli.
6. Þar eð enn vantaði uppástungur frá sumum sýslunefndum viðvíkjandi því, hverjir vegir skuli vera sýsluvegir (lög 15. okt. 1875), þá var ákveðið að heimta þær skýrslur, er þannig vantaði, og jafnframt skora á allar sýslunefndir í amtinu að segja álit sitt um, hvernig stjórn og framkvæmd á vegabótum og sýsluvegum yrði haganlegast fyrir komið.
7. Var ákveðið, að verja þeim $\frac{1}{7}$ af þjóðvegagjaldinu, sem eptir ákvörðun amtsráðsins á fundi þess árið 1875 hafði verið greiddur til amtmannsins, þannig, að endurborgað væri lán til vegabótar á Holtavörðuheiði 200 kr., en 100 kr. skyldi greiða til vegabóta í Helgafellssveit; afganginn, sem áætlað er að yrði 150 kr., skyldi á- vaxta fyrst um sinn í sparisjóðnum í Reykjavík.
8. Útaf beiðni frá oddvita hreppsnefndarinnar í Neshrepp innri ákvað amtsráðið, að mæla fram með því, að aukapóstur sá, sem nú gengur frá Hjarðarholti í Dölum að Búðum, haldi áfram til Ólafsvíkur, og að þar verði stofnaður brjefhirdingarstaður.
Hinn 3. nóvbr. 1877.

- 113 9. Amsráðið veitti hjeraðslækni Hirti Jónssyni 20 kr. fyrir fæðingartengur, er hann hafði keypt, og skyldu fylgja embættinu, en neitaði um borgun fyrir «forbindtaske» með þeim verkferum, er henni fylgja, þar eð slík verkferi venjulega ekki fylgi með læknisembættunum sem inventarium.
10. Forseti skyrði frá, að frá landshöfðingjanum hefði komið áskorun um, að veita fje að rjettri tiltölu við norður- og austuramtíð til varðar þess, sem hann hefir skipað, fyrst um sinn um 6 vikna tíma með fram Deildargili og Hvítá í Borgarfirði, svo framarlega sem þessi fjárveiting ekki álitist vera innifalin í því fje, sem veitt er fyrir yfirstandandi ár til lögreglumála. Amsráðið gat að vísu eigi álitíð, að nauðsynin til að setja hinn hjer um rödda vörð væri augljós, en þótti á hinn bóginn ísjárvert, að neita um alla fjárveitingu til hans, og samþykkti þess vegna að tiltölulegur hluti af kostnaðinum yrði greiddur úr jafnaðarsjóði vesturamtsins eptir reglum í tilsk. 4. marz 1871; svo framarlega sem norður- og austuramtíð tæki þátt í kostnaði þessum eptir hinum sömu reglum. Þó batt alþingismaður Hjálmur Pjetursson samþykki sitt við það skilyrði, að nú í sumar yrði einnig settur Botnsvogavörður og kostnaðurinn til hans greiddur á sama hátt.
11. Eptir uppástungu forseta gaf amsráðið samþykki sitt til þess, að greiða mætti Ásmundi hreppstjóra Þorsteinessyni á Hamraendum 14 kr. úr jafnaðarsjóði, sem endurgjald fyrir kostnað þann og verkfall, er afskipti hans af miltisbrunasýkinni á Háafelli í Miðdalahreppi sumarið 1874 hafði í för með sjer.
12. Amsráðið fól forseta á hendur, að gefa Jóni Sæmundssyni á Fremri-Arnardal leiðbeiningu í tilefni af umkvörtun hans yfir því, að barn hefði verið flutt til hans til framferslu, án þess að til þess hefði verið nokkur heimild.
13. Þessum mönnum voru veitt verðlaun úr búnaðarsjóði vesturamtsins:
- | | |
|--|--------|
| 1. Ólafi Ólafssyni í Skjaldartröð | 40 kr. |
| 2. Bjarna Skaptasyni á Efra-Bláfeldi | 40 — |
| 3. Þorkeli Jónssyni á Skálanesi | 60 — |
| 4. Jóni Einarssyni í Álptatungukoti | 60 — |
| 5. Nielsi Eyjólfssyni á Grímsstöðum | 40 — |
| 6. Jóhanni Arngrímssyni í Ásgarði | 40 — |
| 7. Finni Sveinssyni á Háafelli | 40 — |
| 8. Hákonu Oddssyni á Kjallaksstöðum | 40 — |
- Til samans 360 —
14. Var rétt um, hvernig verja skyldi þeim hluta, er vesturamtinu tilfjelli af því fje, sem í fjárlögum er veitt til jarðabóta, og voru það tillögur ráðsins, að 200 kr. yrðu veittar Jóni bónda Halldórssyni á Laugabóli í Ísafjardarsýslu til að kaupa fyrir áhöld og verkferi til jarðyrkju, og að allt að 400 kr. yrðu greiddar jarðyrkjumanni Ólafi Bjarnarsyni fyrir að ferðast um og veita mönnum tilsögn í jarðabótum; skyldi hann einkum gefa jarðabótafjelögum í Mýra- Hnappadals- og Dalasýslum kost á vinnu sinni og tilsögn.
15. Eptir að forseti hafði skýrt ráðinu frá aðalatriðunum í sýslureikningunum fyrir 1875, og að hann ekki fyndi ástæðu til að gjöra neinar útásetningar við þá, nema sýslureikninginn frá Ísafjardarsýslu, og eptir að hinir kosnu meðlimir amtsráðsins þar eptir höfðu kynnt sjer hina reikningana, samþykkti amtsráðið þá. En þar eð sýslumaðurinn í Ísafjardarsýslu eigi hafði svarað útásetningum þeim, er yfirskoðunarmaður

- hafði gjört við reikninginn frá þeirri sýslu, fól ráðið forseta á hendur að úrskurða þann reikning, eptir að hin nauðsynlegu svör upp á útásetningarnar væru fengin.
16. Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Dalasýslu ákvað amtsráðið að mæla með því, að 200 kr. af fje því, sem ætlað er til fjallveganna, mætti verða varið til aðgjörðar á hinum lökustu vegaköflum á Laxárdalsheiði, þó með því skilyrði, að áður verði fast ákveðið, hvar þjóðvegurinn skuli liggja yfir heiðina eptirleiðis.
17. Var jafnaðarsjóðsreikningur vesturamtsins fyrir 1876 fram lagður; höfðu hinir kosnu meðlimir amtsráðsins haft hann til yfirskoðunar, en fundu ekki ástæðu til að gjöra við hann neinar athugasemdir.
18. Var rætt um viðgjörð á þakinu á fangahúsinu í Stykkishólmi; skýrði forseti frá, að hingað væri kominn efniviður til að leggja nýtt þak á húsið úr spónskífum, og til að bæta úr ýmsu öðru, sem ábótavant hefði verið við húsið. Þar eð nauðsynlegt þótti að ráðfæra sig við byggingarfróða menn um það, hvernig aðgjörðinni á þakinu skyldi haga, var frestað nákvæmari ákvörðun þar um að sinni.
19. Forseti skýrði frá, að hann 1. sept. f. á. hefði fyrir amtsráðsins hönd út gefið skulda-brjef fyrir 19380 kr. láni úr landssjóði til að koma upp fangahúsunum í Stykkishólmi og á Isafirði, sem ætti að endurborgast með $\frac{1}{15}$ á ári frá 1. jan. 1876 og 4 p. c. greiðast í vöxtu af skuldinni.
20. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi: *Áætlun um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1878.*

Gjöld.	kr.	aur.
1. Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála o. fl.	600	"
2. Til bóluþættinga og annara heilbrigðismálefna	300	"
3. Ferðakostnaður embættismanna	300	"
4. Kostnaður við keunslu heyrnar- og málleysingja	600	"
5. Til sáttamálefna	20	"
6. Endurgjald kostnaðarins við byggingu fangahúsa:		
a, $\frac{1}{15}$ af láni úr landssjóði, upphaflega að upphæð 19380 kr. (3. af- borgun)	1292	" a.
b, ársvextir af 16746 kr.	671 — 84 -	1963 84
7. Kostnaður við amtsráðið	350	"
8. Til ýmislegra útgjalda	200	"
9. Sjóður við árslok	1000	"
	Samtals	5333 84

Tekjur.	kr.	aur.
1. Í sjóði frá f. á.	2000	"
2. Niðurjöfnun á lausafje í vesturamtinu	3333	84
	Samtals	5333 84

21. Að síðustu var dregið hlutkesti um, hvor hinna kosnu aðalfulltrúa í amtsráðinu ætti að fara frá, eptir að hafa gegnt störfum þessum í 3 ár, og varð fyrir því prófastur Guðmundur Einarsson; en þar eð annar varafulltrúanna, Lárus sýslumaður Blöndal, nú er orðinn embættismaður í norður- og austuramtinu, er hann sjálfsagðnr að fara frá, og þurfti því ekki í þessu tilfalli að draga hlutkesti um varafulltrúann.

Aukafundur amtsráðsins í vesturumdeginu 30. dag ágústm. 1877.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í vesturamtinu, og mættu á fundinum sem kosnir fulltrúar: prófastur Guðmundur Einarsson og alþingismaður Hjálmur Pjetursson.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Var staðfest reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. m. Reglugjörð þessi er að öllu samhljóða reglugjörð, er amtsráðið staðfesti fyrir nefnda sýslu 22. júní f. á., nema að því leyti, að inn í hina nýju reglugjörð er bætt einni grein, 32. gr., um meðferð á ótömdum hrossum.
2. Í sambandi við umræðurnar á síðasta fundi var íhugað, hvað gjöra skyldi viðvíkjandi endurbótum á þakinu á fangahúsinu í Stykkishólmi. Forsæti skýrði frá að eptir álitu byggingarfróðra manna, sem hann hefði ráðfært sig við, mundi eigi tiltekilegt, að hafa spónpak á húsinu, nema því að eins, að undir spónpakíð væri lagt gott borðapak, sem helzt ætti að vera skarsúð. Með því amtsráðið áleit, að eigi mundi óumflýjanlega nauðsynlegt, að aðgjörð á þakinu færi fram þegar nú í haust, og með því hentugur borðviður mundi ekki fánlegur nú sem stendur, var ákveðið að fresta aðgjörðinni fyrst um sinn til næsta sumars; en nauðsynlegt eptirlit með húsinu og umhirðing á því hefir verið falið á hendur áreiðanlegum manni.
3. Eptir uppástungu forseta var ákveðið, að leita styrks úr landssjóði handa bókasafni vesturamtsins, sem er í Stykkishólmi, og skyldi verja þeim styrk, ef fengist, sumpart til að útvega skápa til að setja bækurnar í, og herbergi til að láta skápana standa í, og sumpart til að kaupa nýjar bækur. Svo var og ákveðið, að breyta hinum eldri reglum um útlán bókana, þannig, að greiða skyldi árlegt gjald, sem fyrst um sinn skyldi vera ein króna, fyrir að fá bækur lánaðar úr safninu. Það var enn fremur ákveðið, að fela prófasti Eiríki Kuld og verzlunarstjóra Daníel Thorlacíus á hendur stjórn safnsins.

Reykjavík, 24. dag septemberm. 1877

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Verðlagsskrá

sem gildir

í Nordurmúlasýslu og Sudurmúlasýslu frá miðju maímánaðar 1877 til jafalengdar 1878.

A. Fríður peningur:		Krónumynt.		Hundrað.		Alin.	
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.
1.	1 ♂ 1 kýr, í fardögum, ekki yngri en þrjúvetur og ekki eldri en 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvemberloka	82	32	82	32	»	68½
2.	— 6 ær, í fardögum, ekki yngri en tvævetra og ekki eldri en 6 vetra, loðnar og lemdar hver á	13	53	81	18	»	68
3.	— 6 sauðir, á hausti, þrjúvetrir, eða 4 vetra, eða 5 vetra — -	17	61	105	66	»	88
4.	— 8 sauðir, á hausti, tvævetrir — -	14	6½	112	52	»	94
5.	— 12 — — — veturgamlir — -	10	12½	121	50	1	1
6.	— 8 ær — — geldar — -	13	43½	107	48	»	89½